

## Reifun á úrskurði 7/2018 – Niðurfelling á vörugjaldi vegna leigubifreiðar

R,E, I og K kærður til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um kröfu um endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds af bifreiðinni X, fyrir hönd dánarbús G. Óskað var endurskoðunar á ákvörðuninni og endurgreiðslu gjaldanna sem innheimt voru og til vara að greiðslan miðist við lokadag þess tíma sem bifreiðin var í leigubílaakstri.

Niðurstaða: Við mat á því hvort að skilyrðum fyrir lækkun vörugjalds af leigubifreið skv. 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 sé fullnægt er litið til ákvæðisins í heild sinni, þ.m.t. 3. tl. ákvæðisins. Um er að ræða sérstaka undanþágu frá skattskyldu og er hún því túlkuð þröngt líkt og aðrar undanþágur frá meginreglum um skattskyldu. Tilgangur þessarar undanþágu er að íþyngja ekki aðila, sem ekki hefur getað afla sér tekna, t.d. vegna alvarlegra veikinda sem krefjast langvarandi meðferðar og verða til þess að viðkomandi verði tímabundið óvinnufær, s.s. vegna hjartaveikinda, krabbameins eða svipaðra sjúkdóma eða ef bifreið ónýttist í slysi. Því verður að telja rétt að einvörðungu sé hægt að líta til ófyrirséðra atvika sem gera rétthafa lækkaðs vörugjalds ókleift að afla sér tekna með akstri leigubifreiðarinnar, svo undanþáguheimild þessi eigi við. Ríkistollanefnd staðfestir þessa túlkun Tollstjóra í úrskurði nefndarinnar nr. 3/2012. Við tilfærslu leyfisins verður að líta til kæranda sem leyfishafa. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á að kæranda hafi verið ófært að afla tekna við akstur bifreiðarinnar. Bifreiðin var einnig í ökuhæfu ástandi enda heimilaði kærandi akstur ökutækisins af öðrum leigubílstjórum á sínum leyfistíma. Að gættu meðalhófi var tekin ákvörðun að í stað þess að innheimta eftirgefið vörugjald að fullu, eins og kveðið er á um í 3. tl. 15. gr. reglugerðarinnar, var litið til undanþágureglu greinarinnar og einungis miðað við dánardag G og fram að lokum kvaðar á ökutækinu. Er því innheimta gjaldanna í samræmi við heimild Tollstjóra til að fallast á lægra endurgjald í þeim tilvikum sem um ræðir í 15. gr. Ákvörðun um innheimtu gjaldsins var staðfest.